

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 2004. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 333/1995 um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 27. nóvember 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2003 um gildistöku reglna um tilkynningu og skráningu kóða neyðarsenda sem senda út á tíðninni 406 Mhz.

Með vísan til IV. og IX. kafla, sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að þann 1. mars 2004 taki gildi reglur um tilkynningu og skráningu kóða neyðarsenda sem senda út á tíðninni 406 Mhz.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 31. desember 2003.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald, að lágmarki kr. 7.900, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpflát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 7.900
2. fyrir 500 l gám kr. 18.700
3. fyrir 660 l gám kr. 22.000

Heimili sem óska eftir aukasorpfláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér sorphirðu bæjarins skulu greiða fyrir hvert flát árlegt gjald sem hér segir:

1. fyrir 240 l tunnu kr. 11.580
2. fyrir 500 l gám kr. 26.312
3. fyrir 660 l gám kr. 34.736

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem gildir frá 1. janúar 2004 var samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 387. fundi þann 29. desember 2003 með vísun til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum, og samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum. Við samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 27, frá 4. janúar 2001.

Mosfellsbæ, 29. desember 2003.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri.

1. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði þrír:

- a) Almennur úrgangur kr. 2,50 pr. kg án vsk.
- b) Slátur- og fiskúrgangur kr. 3,50 pr. kg án vsk.
- c) Timbur kr. 1,50 pr. kg án vsk.

2. gr.

Gjaldskráin tekur gildi 1. febrúar 2004.